

**Nd.**

**847. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um laun embættismanna.

Frá Sveini Ólafssyni og Pjetri Ottesen.

Við 33. gr.

a. Fyrsti málslíður greinarinnar orðist svo:

Auk hinna föstu launa fá allir embættis- og sýslunarmenn landsins, svo og þeir, er að lögum njóta eftirlauna og biðlauna, fyrst um sinn til ársloka 1925, launauppbót, sem miða skal við verðhækkun á helstu lífsnauðsynjum.

- b. Í staðinn fyrir »í Reykjavík« tvisvar í greininni komi:  
*í fjórum aðalkaupstöðum landsins.*
- c. Í staðinn fyrir »fá  $\frac{2}{3}$  launauppbótar« í niðurlagi greinarinnar komi:  
*fá hálfja launauppbót.*